

Ed. 659. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1981, um loðdýrarækt.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Eiður Guðnason, Egill Jónsson,
Davíð Aðalsteinsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og búnaði til loðdýrabúa, vélbúnaði og tækjum til fóðurstöðva, vélbúnaði og tækjum til pelsverkunar og hvers konar öðrum sérhæfðum búnaði til loðdýraræktar.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur mönnum verið ljós nauðsyn þess að auka fjölbreytni atvinnulífs til sveita. Byggja þarf upp nýjar búgreinar og renna fleiri og styrkari stöðum undir afkomu-
möguleika bænda.

Hefðbundnar búgreinar hafa átt við vaxandi örðugleika að stríða í markaðsmálum. Stöðugt hefur breikkað bilið milli þess verðs, sem bændur þurfa að fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og þess verðs, sem fáanlegt er fyrir þær erlendis. Á síðustu 2—3 árum hefur reynst óhjákvæmilegt að draga mjög úr framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða og er nú nær eingöngu miðað við innanlandsneyslu. Horfur á útflutningi dillkakjöts á þessu ári eru mjög tvísýnar og gæti því þurft að draga einnig verulega úr framleiðslu sauðfjárafurða.

Árið 1979 varð samkomulag um breytingar á jarðræktarlögum í þá veru að draga úr fjárveitingu til jarðræktar og annarra framkvæmda sem fyrst og fremst þjónuðu hinum hefðbundnu búgreinum, en verja í þess stað auknu fjármagni til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði og auðvelda á þann hátt þá stefnubreytingu sem menn voru sammála um að þyrfti að eiga sér stað í landbúnaði. Því miður vantar mikið á að staðið hafi verið við þau fyrirheit sem gefin voru, og þar af leiðandi hefur þróunin frá hefðbundnum búgreinum inn á nýjar brautir orðið hægari en æskilegt væri, miðað við þau skilyrði sem nú eru fyrir hendi í markaðsmálum landbúnaðarins. Nokkur þróun hefur orðið í fiskrækt og loðdýrarækt. Á undanförunum árum hafa risið nokkrar fiskræktarstöðvar og stofnuð hafa verið allmörg minka- og refaræktarbú, einkum þó á tveim seinustu árum.

Eftir samþykkt laga nr. 68/1969, um loðdýrarækt, hófst minkarækt að nýju hér á landi, upp úr 1970. Stofnuð voru átta minkabú. En því miður átti þessi nýja starfsemi við ýmsa erfiðleika að etja. Stofnkostnaður var mikill og búin urðu fyrir áföllum, þannig að nokkur þeirra hættu starfsemi. Nú munu þó vera starfandi fjögur minkabú og áhugi manna aftur mjög vaxandi. Refarækt hófst að nýju fyrir þremur árum. Er því ekki mikil reynsla komin á starfseminna enn þá, en óhætt mun þó að segja að upphafið lofi góðu. Sú hætta er hins vegar enn fyrir hendi, að mikill stofnkostnaður og hár fjármagnskostnaður leiði til þess, að íslensk loðdýrarækt eigi erfitt uppdráttar og verði ekki samkeppnisfær á þeim mörkuðum, sem keppa þarf á, við þróaða framleiðslu frá nágrannapjóðunum og sagan upp úr 1970 endurtaki sig.

Mikil áhersla er nú á það lögð af hálfu Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Sambands íslenskra loðdýraræktenda, að loðdýraræktin verði framtíðarbúgrein á Íslandi. Jafnframt sé búið þannig um hnútana að hún geti létt undir með hefðbundnum búgreinum vegna þess samdráttar, sem þar hefur þegar átt sér stað og virðist enn blasa við, og tryggja þannig afkomu og styrki búsetu í dreifbýli á ný.

Margt bendir til að loðdýrarækt sé æskileg búgrein hér á landi. Má til dæmis nefna að hér fellur til mikið af góðu fôðurhráefni frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum og að veðurfar hér er talið mjög ákjósanlegt. Hins vegar verður að benda á að loðdýraræktin er samkeppnisbúgrein við erlendan landbúnað, en byggist ekki að neinu leyti á innlendum markaði, og er því mjög frábrugðin hinum hefðbundnu búgreinum. Þarf því að búa henni samkeppnishæfa stöðu gagnvart erlendum keppninautum, ekki lakari en gerist með útflutningsiðnað okkar. Í nágrannalöndum okkar, Bretlandi og Norðurlöndunum, hefur verið mikil gróska í loðdýrarækt tvo til þrjá síðustu áratugina. Í þessum löndum er lögð áhersla á að skapa loðdýrarækt sem hagstæðust skilyrði. Þannig eru danskir loðdýrabændur undanþegnir greiðslu hvers konar opinberra gjalda af búnaði og húsum sem til framleiðslunnar þarf.

Ný lög um loðdýrarækt voru samþykkt á Alþingi 21. maí 1981. Er að sjálfsögðu í þeim að finna ýmis nýmæli sem eru mjög til bóta frá eldri löggjöf. En reynslan sýnir að enn þá er margt sem þarf að breyta og lagfæra svo starfsskilyrði þessarar búgreinar, sem nú er að ryðja sér til rúms hér að nýju, verði sem ákjósanlegust. Sumt af því er að sjálfsögðu framkvæmda- og skipulagsatriði, en annað varðar löggjafarvaldið.

Ljóst er að frumskilyrði þess, að loðdýrarækt nái að festa rætur og verða trygg atvinnugrein hér á landi, er að starfsemin fái stöðugt sem „samkeppnisbúgrein“ hliðstæð samkeppnisiðnaði. Frumvarpi því, sem hér er flutt, er ætlaður sá tilgangur að koma til móts við framangreind sjónarmið. Tekjutap ríkissjóðs af frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er mjög óverulegt þar sem hér er um nýja starfsemi að ræða svo ríkissjóður hefur ekki enn haft tekjur sem neinu nemur af þeim aðflutnings- og sölugjöldum sem hér er lagt til að fella niður. Mætti auk þess líta á þetta sem svolitla uppbót á vanefndum fjárveitingavaldsins varðandi fjárveitingar til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði sem áður er að vikið.

Þar sem hér er um að ræða ákvæði, er varða tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum og sölugjaldi, og þannig háttar til, að um endurgreiðslu á sköttum er að ræða í sumum tilvikum, þykir rétt að fjármálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

Greinargerð þessari fylgir bréf Sambands íslenskra loðdýraræktenda til Búnaðarfélags Íslands, dagsett 19. febrúar 1982, og varðar leiðréttingu á samkeppnisaðstöðu loðdýraræktar (Fylgiskjal I). Þá fylgir einnig greinargerðinni listi yfir flestar þær vörur (ekki tæmandi) sem ákvæði frumvarpsins taka til (Fylgiskjal II).

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENSKRA LOÐDÝRARÆKTENDA

Búnaðarfélag Íslands
c/o Hr. búnaðarmálastjóri,
Jónas Jónsson.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Efni: Leiðrétting á samkeppnisaðstöðu loðdýraræktar.

Sem kunnugt er stefna opinberis aðilar nú að því að fjölga mjög loðdýrabúum hér á landi á næstu misserum. Af því tilefni vill stjórn S. Í. L. enn á ný áréttta það baráttumál sitt, að loðdýraræktinni séu sköpuð svipuð skilyrði og gerist með erlendum samkeppnisaðilum.

A. Endurgreiðsla aðflutningsgjalda:

Krafa stjórnar S. Í. L. er að loðdýrarækt njóti sömu aðstöðu og fiskvinnsla og útflutningsiðnaður nýtur, enda er um algerlega sambærilegar framleiðsluforsendur að ræða. Í auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981, um „Niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar“, segir í 9. grein: „Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur til iðngreina sem framleiða vörur er tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, svo og iðngreina sem framleiða vörur sem tollar hafa verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga, án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði nefndra fríverslunarsamninga.“ Loðdýraræktun fellur að öllu leyti að þessum skilyrðum, nema hvað hún er skilgreind skv. lögum sem landbúnaður en ekki sem iðngrein.

Án þess að hér sé tilgreint í smáatriðum hvaða vöruflokka er um að ræða má sem dæmi nefna: tæki og áhöld til skinnaverkunar, blöndunarvélur í fóðureldhús, fóðrunarvélur, drykkjarker og brynningarkerfi, hreiðurkassa, vírnet í búr og hús o. s. frv.

B. Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts:

Þar sem virðisaukaskatti hefur ekki verið komið á hér á landi hafa íslensk iðnfyrirtæki í svonefndum samkeppnisgreinum fengið samkeppnisaðstöðu sína gagnvart erlendum aðilum leiðréttá með endurgreiðslu á þeim söluskatti, sem færa má rök fyrir að hafi á hinum ýmsu stigum verið lagður á þjónustu og aðföng sem þau kaupa til framleiðslu sinnar. Hefur Þjóðhagsstofnun metið þennan uppsafnaða söluskatt sem hlutfall af söluveltu fyrirtækjanna og Hagstofa Íslands síðan gefið fjármálaráðuneytinu ársfjórðungslega upplýsingar um útflutningsverðmæti hvers fyrirtækis.

C. Innlend aðföng fáist á verði, sem ekki er yfir heimsmarkaðsverði:

Má í því sambandi benda á verð á ull og gærum til iðnaðarframleiðslu og mjólkurduft til kex- og sælgætisiðnaðar.

Stjórn S. Í. L. telur það ótvírætt réttlætismál að loðdýrabúskapur njóti sömu kjara hvað snertir uppsafnaðan söluskatt og endurgreidd aðflutningsgjöld eins og aðrar útflutningsgreinar. Er í raun ekki verjandi að stefna að aukinni loðdýrarækt án þess að skapa þessari atvinnugrein sömu starfsaðstöðu og gerist í sambærilegum atvinnugreinum. Treystir stjórn S. Í. L. því, að forsvarsmenn íslensks landbúnaðar beiti sér nú þegar fyrir þeim laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem nauðsynlegar eru til að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar S. Í. L.
Haukur Halldórsson.

Fylgiskjal II.

Byggingarvörur:

Tollflokkur:		Tollur	Vörugj.	Jöfnunargj.	Sölusk.
73—27—02	Vírnet	10%	24%		23,5%
73—27—09	Vírnet (grenna en 2 mm)	0%	24%		23,5%
73—10—19	Vírstengur				23,5%
73—31—02	Klips, lykkjur				23,5%
82—03—30	Klipstengur, refatengur, síðubitar		24%		23,5%
82—04—00	Beygjarar		24%		23,5%
84.28.10	Drykkjarkör, sjálfvirk Drykkjarventlar, fõðursiló, fõðurbretti, allt sjálfvirkur útbúnaður.	4%			23,5%
76—16—19	Drykkjarkör án sjálfvirkni	70%	30%		23,5%
39.07.99	Drykkjarkör án sjálfvirkni	70%	30%		23,5%
84—61—16	Prýstijafnari				23,5%
39—02—13	Slöngur			3%	23,5%
39—07—77	Fittings á sama			3%	23,5%
82—04—00	Gatarar	0%	24%		23,5%
73—31.09	Búrlök, fittings á búr			3%	23,5%
73—35—09	Armfjaðrir	35%	24%		23,5%

Vélar og tæki í fõðurstõðvar:

84—30—13	Kjötvinnsluvélar, hakkavélar og blöndunarvélar	0%			23,5%
82—06—00	Vélnífar	0%			23,5%
84—30—20	Ristar, sniglar	0%			23,5%
84—21—00	Háprýstipvottavélar	7%			23,5%
84—17—29	Rafmagnssuðupottar	0%			23,5%
87—01—	Fõðrunarvélar	25%	24%		23,5%
84—15—39	Frysti- og kælibúnaður	5%		3%	23,5%

Tollflokkur:		Tollur	Vörugj.	Jöfnunargj.	Sölusk.
Pelsunarvörur:					
84—42—0	Skrapvélar, kembivélar, tönur, tromlur, skinnablásarar, skrapstokkar, fláningsbekkir og varahlutir í sama	0	0	0	23,5%
92—09—09	Fláningshnífar	80%	30%		23,5%
48—16—05	Pappakassar til pökkunar loðskinnnum til útflutnings			3%	23,5%
48.16.11	Tönubréf, tönupokar			3%	23,5%
42.03.05	Minkahanskar				23,5%
84—11—49	Viftur í skinnablásara		24%		23,5%
82—04—00	Handverkfæri, skraphnífar, skinnakambar, fódurskeiðar, fótakrókar, klofið halajárn				23,5%
39—07—73	Plastskrapa		24%		23,5%
82—13—09	Fótasöx	70%	24%		23,5%
40.14.09	Tönuteygjur	70%	30%		23,5%
44—01—20	Sútarasag	15%			23,5%
40—14—06	Gúmmíhnífar (mekaniskir)		24%		23,5%
82—03—30	Heftilosari		24%		23,5%
73—31—09	Stifti			3%	23,5%
84—55—21	Tölvukort og festingar	7%	24%		23,5%
Ýmsar vörur:					
49—01—09	Fagbækur og fagrit				23,5%
90—17—30	Rafmótstöðumælar	35%	24%		23,5%
	(Notaðir á fengitíma)				
70—17—09	Sogpípur (strá)	35%	24%		23,5%
	(Til blóðprufa)				
85—05—00	Rafmagnstáttoveringarpenni	4%	24%		23,5%
73—40—59	Fellur úr málmí	70%	30%		23,5%
44—28—99	Viðarfellur	70%	30%		23,5%
90—12—00	Smásjár til sæðisprufu	35%	24%		23,5%